



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 25. febrúar 2019

USK2018070002

6.18

Borgarráð

### ***Úlfarsárdalur - Líffræðileg fjölbreytni. Endurheimt votlendis.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal.

Verkefnið er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal auk stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika.

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er mars-maí 2019.

Undirbúningur að verkefninu hefur verið unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins sem leggur mat á áhrif framkvæmda m.t.t. bindingar kolefnis.

Greinargerð:

Afmarkað hefur verið um 87 ha svæði í Úlfarsárdal sem verkefnið nær yfir. Svæðið er á norðurbakka Úlfarsár frá sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ í austri, að vegi niður að Víðimyri í vestri.

Miðað við gefnar forsendur er áætlað að endurheimt votlendis á um 3/4 hlutum svæðisins eða um 65 ha gæti gefið um 400 tonn af kolefni á ári í bindingu.

1. áfangi verkefnisins er um 12 ha svæði næst sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ. Aðgerðir þar felast í því að fjarlægja af svæðinu rusl og girðingar, lokun á þverskurðum og önnur landmótun s.s. tjarnargerð o.fl.

Þess er vænst að með aðgerðunum aukist líffræðilegur fjölbreytileiki svæðisins bæði hvað varðar gróður og dýralíf. Þá er vöktun mikilvægur hluti af endurheimt og viðhaldi votlendissvæða.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga: 20 mkr.

Skv. fjárhagsáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir 30 mkr. á ári vegna verkefnisins Líffræðileg fjölbreytni og endurheimt votlendis; samtals 150 mkr.

Ámundi Brynjólfsson  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

